



22130103



**ICELANDIC A: LITERATURE – STANDARD LEVEL – PAPER 1**  
**ISLANDAIS A : LITTÉRATURE – NIVEAU MOYEN – ÉPREUVE 1**  
**ISLANDÉS A: LITERATURA – NIVEL MEDIO – PRUEBA 1**

Wednesday 8 May 2013 (morning)  
Mercredi 8 mai 2013 (matin)  
Miércoles 8 de mayo de 2013 (mañana)

1 hour 30 minutes / 1 heure 30 minutes / 1 hora 30 minutos

---

INSTRUCTIONS TO CANDIDATES

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a guided literary analysis on one passage only. In your answer you must address both of the guiding questions provided.
- The maximum mark for this examination paper is *[20 marks]*.

INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un analyse littéraire dirigée d'un seul des passages. Les deux questions d'orientation fournies doivent être traitées dans votre réponse.
- Le nombre maximum de points pour cette épreuve d'examen est *[20 points]*.

INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un análisis literario guiado sobre un solo pasaje. Debe abordar las dos preguntas de orientación en su respuesta.
- La puntuación máxima para esta prueba de examen es *[20 puntos]*.

*Skrifaðu stýrða bókmenntagreiningu um aðeins **annan** textann. Greining þín verður að bregðast við báðum leiðbeinandi spurningunum sem gefnar eru.*

1.

### Staðsetja, útvega, flokka, raða og varðveita

Sumarið 2000 – árið sem ég varð níttján ára – kom tvöfaldur Suðurlandsskjálfti, sá fyrri 17. júní en sá seinni þann 21. Þeir mældust 6,5 á Richter, eða þar um bil, það er mikið, skjálftarnir voru kraftmiklir, allir töluðu um hvar þeir hefðu verið þegar jörðin skalf. Alveg sama hvað fólk var að gera hversdagslega hluti; labba út í sjoppu eða greiða á sér hárið. Sögurnar þvældust í munnunum, breyttust og bættu við sig. Sumir lugu til að gera sína skjálftasögu merkilegri, hversu margir skyldu hafa logið?

Ég laug engu vegna þess að báðar sögurnar mínar voru frekar góðar: 17. júní var ég að skipta um föt í búningsklefanum í kjallaranum undir Elliheimilinu Grund og allt í einu skulfu járnskáparnir á veggjunum og hurðirnar slógust til á hjörunum. Enginn var þarna annar en ég og stutta stund var ég sannfærð um að þetta væru endalokin, að ég myndi andast á Elliheimilinu Grund aðeins átján ára gömul og tilhugsunin var svo fáránleg að ég gleymdi að verða hrædd.

Frá fyrsta degi leið mér eins og ég væri þarna fyrir einhver hræðileg mistök og þrjú mánuðir virtust óendanlega langur tími. Deildin sem ég vann á var fyrir fólk á algeru lokastigi, það lá eins og dáið í rúmunum, stjarft, tómeugt og löngu komið út úr heiminum. Morgunvaktin hófst á því að ég, ásamt annarri starfsstúlku, skipti um bleiur og klæddi fólk í föt. Svo var því rúllað í hjólastól fram í setustofu þar sem það var matað á barnamauki eða hafragraut. Áður en ég byrjaði hafði ég annars séð fyrir mér gefandi stundir í tómsundaherbergi yfir útsaumi og kertasmíði eða harmonikuböll.

Eftir fyrstu vaktina fór ég heim til mömmu og hágrét í eldhúsinu hjá henni, sagðist vorkenna gamla fólkinu svo mikið að ég *gæti þetta ekki*. Og mér leið þannig á hverjum morgni, eins og með því að mæta væri ég að gera hið ómögulega. Mamma sagði að ég hefði gott af þessu, það væri óeðlilegt að ungt fólk hefði enga reynslu af elli, veikindum og dauða. Hér áður fyrr, sagði hún, veslaðist fólk upp í heimahúsum með barnabörnin klifrandi á banabeðinu. Allir sáu lík, hugsaðu þér, kannski færðu að sjá lík!

Eins og það væri eitthvað frábært. Ég skildi ekki þennan málflutning en tók samt mark á honum – eins og flestu sem mamma sagði mér – og þess vegna hélt ég áfram að hjóla í vinnuna með kvíðaverk í maganum. Ég horfði undrandi á jafnöldrur mínar aðlagast starfinu eins og ekkert væri, taka á líkõmunum eins og þeir væru hlutir sem þyrfti að færa og minntust ekki á lyktina sem ég vandist aldrei. Hún loddði við nasirnar eftir að ég kom heim úr vinnunni, og líka eftir að ég kom úr sturtu.

Meðan ég þvingaði plastskeið með plokksfiski inn fyrir varirnar á gamalli konu starði ég á línurnar í andliti hennar, hvernig þær krossuðust og kvísluðust eins og eitthvert tilviljanakennt mynstur, á húðina og hvernig hún hékk á beinunum í þunnum fellingum, á loðna fæðingarbletti og lifrarflekki. Ég starði á glákuna í augunum og velti fyrir mér *hvar konan væri*. Hún er ekki hérna, hugsaði ég, þessi líkami er tómt hulstur, persónan löngu farin. Og síðan: *hvers vegna að ríghalda í þetta hulstur?* Ég mundi eftir kettinum mínum sem var lógað eftir að nýrun í honum gáfu sig og síðan hvernig mamma tönnlaðist á því að við gerðum honum engan greiða með því að halda honum á lífi.

40 Svo skammaðist ég mín fyrir þessar hugsanir og hélt að ég væri eitthvað einstök fyrir að hugsa þær.

[...]

45 Eftir þrjár vikur gerðist það svo allt í einu að ég tók – mögulega – mína fyrstu sjálfstæðu ákvörðun. Við vorum að ganga frá matarvögnunum eftir hádegismatinn og ég fór allt í einu. Gekk niður stigann á hæðina fyrir neðan, fann skrifstofu starfsmannastjórans og sagðist ekki geta unnið þarna mínútu lengur, það væri ekki séns. Hún varð reið, sagði mér að snáfa aftur á vakt, ég gæti ekki sagt upp fyrirvaralaust, en ég hristi bara hausinn og lét mig hverfa. Stimplaði mig út og fór í búningsklefann að skipta um föt, þá kom skjálftinn.

Kistín Eiríksdóttir, *Doris deyr* (2010)

- (a) Ræddu um táknræna notkun höfundarins á jarðskjálftunum í tengslum við þróun aðalpersónunnar í kaflanum.
- (b) Hvað geturðu sagt um þá mynd sem höfundur dregur upp af elli og hlutverk hennar í kaflanum?

2.

### Ættjarðarljóð

Æðurin var alltaf fuglinn minn

Lengra komst hún ekki  
fyrir snerkjum í andlitinu,  
og nýi möttullinn  
5 frá þjóðhátíðarnefnd  
fékk ekki skýlt  
umkomuleysi hennar.

Æðurin var alltaf fuglinn minn

Prúðbúinn mannfjöldinn  
10 var tekinn að ýfast,  
enda vanur ljóðmælum þjóðskálda  
af þinghússvölunum  
þennan dag.

Loksins kom Sjónvarpsmaðurinn  
15 henni til hjálpar:  
Þér voruð að tala um kollu, kona góð?  
og otaði að henni  
hljóðnemanum.

Æðurin var alltaf fuglinn minn:

20 hún vakir yfir eggjum sínum,  
ann sér ekki matar,  
sýpur aðeins regn af stráum  
til að slökkva sárasta þorstann  
meðan hún bíður,  
25 bíður eftir að fá  
að fylgja börnum sínum  
stuttan spöl  
úr dúnmjúku hreiðri  
að nágulum goggi vargsins.

Einar Bragi, *Ljós í augum dagsins* (2000)

- (a) Fjallaðu um hvaða áhrif bygging ljóðsins hefur á upplifun lesandans.
- (b) Fjallaðu um það hvernig skáldið notar æðarfuglinn sem tákni til að koma boðskap sínum á framfæri.